# RE: 1411002 - Víðines skipulagstillaga

| | |
|---|---|
| Búið til | 11.1.2023 16:15:28 |
| Höfundur | Snorri Sigurðsson |
| Sent | 11.1.2023 16:15:24 |
| Tilheyrir | 202211-0043 - Víðines í landi Hreðavatns - skipulagstillaga |

## Efni

| |
|---|
| RE: 1411002 - Víðines skipulagstillaga |

## Upplýsingar / Vinnsla

| Upplýsingar | | Vinnsla | |
|---|---|---|---|
| Sent | 11.1.2023 16:15:24 | Staða | Innflutt |
| Eigandi | | Tímamörk | |
| Skjalalykill | 42-0 Umsagnir almennt | | |
| Lykilorð | | | |

## Þátttakendur

| | |
|---|---|
| Frá | Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is) |
| Til | skipulag@borgarbyggd.is |
| Cc | eydis.l.finnbogadottir@ni.is |
| Bcc | Anna.Sveinsdottir@ni.is |

## Innihald

Góðan dag.

Tilvísun í mál nr. 202211-0043 (SS).

Vísað er í tölvupóst frá verkefnastjóra skipulagsmála hjá Borgarbyggð, dags. 25. nóvember 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022. Breytingin varðar jörðina Víðines í landi Hreðavatns þar sem áætlað er að frístundabyggð (F51) verði breytt í íbúðarbyggð

Náttúrufræðistofnun skilaði umsögn um skipulagslýsingu breytingarinnar þann 18. maí 2022. Í þeirri umsögn var eftirfarandi ábendingum komið á framfæri:

- Mikil ásýndarbreyting mun fylgja áætlaðri uppbyggingu sem felst í skipulagsbreytingunni og skoða þarf vandlega hver umhverfisáhrifin verða.
- Bent var á verndargildi vistgerða og að Grábrókarhraun sem er á skipulagssvæðinu falli undir sérstaka vernd 61. greinar laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og er einnig á C-hluta náttúruminjaskrár.
- Ljóst er að mikilli uppbyggingu mun fylgja rask á umhverfi og náttúruminjum með hátt verndargildi. Mikilvægt er að við framkvæmd aðalskipulagsbreytingarinnar sé lagt mat á hversu mikla uppbyggingu svæðið þolir og horft sé til þess að hlífa eins mikið og mögulegt er hrauni, birkikjarri og næsta nágrenni Norðurár við raski. Þá þarf að meta vandlega hættu á að mengun frá byggðinni berist í Norðurá.

- Náttúrufræðistofnun telur að skipulag íbúðarbyggða með 24 lóðum á þessu svæði feli í sér töluverða áhættu á að óafturkræft og umfangsmikið rask verði á svæðinu með neikvæðum áhrifum á náttúrufar, landslag og umhverfi. Það hefur einnig áhrif á gildi svæðisins til útivistar. Skoða ætti umfangsminni tillögur.

Samkvæmt auglýstri tillögu að aðalskipulagsbreytingu er ljóst að áformin eru óbreytt en sveitarfélagið metur sem svo að svæðið þoli frekara rask þar sem það er nú þegar raskað að hluta. Rask verður einkum þar sem byggingar eru stækkaðar og þar sem nýjar byggingar á skilgreindum lóðum eru reistar sem og aðkomuvegir lagðir að þeim. Ekki kemur fram hversu margar af lóðunum 24 munu fá heimild fyrir allt að 350 fermetra húsi en væntanlega eru það allflestar lóðirnar.

Í dag er einungis búið að reisa byggingar á þriðjungi þeirra 24 lóða sem tilheyra frístundasvæðinu og því ljóst að megnið af raskinu sem skipulagið heimilar er ekki búið að eiga sér stað, sérstaklega rask á birkikjarri en í einhverjum tilfellum einnig á Grábrókarhrauninu, sér í lagi á lóðum nyrst á svæðinu. Náttúrufræðistofnun telur því ekki augljóst að t.d. skógvistgerðir á svæðinu muni þola vel allt það rask sem mögulega mun fylgja uppbyggingu á svæðinu. Stofnunin stendur því við fyrra álit sitt úr umsögninni um skipulagslýsinguna, telur verndargildi náttúru svæðisins ógnað með þessum áformum og hefði viljað sjá umfangsminni uppbyggingu á svæðinu í ljósi verndargildi þess.

Í tillögunni kemur fram að einungis megi raska birkiskógi og hrauni þar sem mannvirki eiga að vera, en ekki annars staðar og einnig er fjallað um mótvægisaðgerðir svo sem skógrækt. Mikilvægt er að í þeim mótvægisaðgerðum sé horft til ræktunar á birkiskógi með því að nota plöntur af svæðinu.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection
.................................................................................................
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8,  220 Garðabær.
Sími/Tel:  (354) 5 900 500.          www.ni.is (http://www.ni.is/)

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Skipulagsfulltrúinn" <skipulag@borgarbyggd.is>
**To:** "Snorri Sigurðsson - NI" <Snorri.Sigurdsson@ni.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
**CC:**
**Subject:** RE: 1411002 - Víðines skipulagstillaga
**Date:** 25.11.2022 15:17:59

Góðan dag
B.t. þess sem sér um umsagnir skipulagsáætlana

Beðist er velvirðingar á því að í tölvupósti kemur fram röng dagsetning sem lokadagur umsagnarfrests. Hann er til **13. janúar 2023** eins og segir í bréfinu.

**Bestu kveðjur / Best regards**
Þóra Margrét Júlíusdóttir
Verkefnastjóri skipulagsmála
+354 433-7100
skipulag@borgarbyggd.is (mailto:skipulag@borgarbyggd.is) / www.borgarbyggd.is (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.borgarbyggd.is%2F&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C174590ac0c1446b8a9d108dacef82476%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638049862798602402%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C2000%7C%7C%7C&sdata=8o2YyIK3kX6Mj5jj6UQ5aCQPL43fgEK9mWq%2BIsi1ZsQ%3D&reserved=0)
www.facebook.com/borgarbyggd (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.facebook.com%2Fborgarbyggd&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C174590ac0c1446b8a9d108dacef82476%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638049862798602402%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C2000%7C%7C%7C&sdata=OvDOY4r4e0KQpgdA5WvFvfsP6hcBWL6JQ0e%2FoT4PZaM%3D&reserved=0)
www.borgarbyggd.is/is/fyrirvari (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.borgarbyggd.is%2Fis%2Ffyrirvari&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C174590ac0c1446b8a9d108dacef82476%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638049862798602402%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C2000%7C%7C%7C&sdata=LCEThQnSnKkWWco9AVmYns6bmyUbtzz0n%2BBiShJTfsI%3D&reserved=0)

---

**From:** Sóley Baldursdóttir
**Sent:** 25.11.2022 14:42:00
**To:** Snorri.Sigurdsson@ni.is
**Subject:** 1411002 - Víðines skipulagstillaga

Góðan dag
Efni: **Víðines í landi Hreðavatns** – skipulagstillaga
**Varðar umsögn um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 sbr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**
Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti þann 08.09.2022 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022, Víðines í landi Hreðavatns.
Umsagnafrestur er til og með **7. janúar 2023**.
Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar veitir fúslega nánari upplýsingar verði þess óskað.
Hægt er að senda tölvupóst á skipulag@borgarbyggd.is (mailto:skipulag@borgarbyggd.is) eða hringja í síma 433 7100.
Meðfylgjandi:
Ósk um umsögn dags. 25.11.2022
Skipulagstillaga dags. 03.11.2022 – gögn á heimasíðu, tengill Skipulagsauglýsingar | Borgarbyggð (borgarbyggd.is) (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.borgarbyggd.is%2Fis%2Fthjonusta%2Fskipulagsmal%2Fskipulagsauglysingar%2Fvidines-i-landi-hredavatns-1&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C174590ac0c1446b8a9d108dacef82476%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638049862798602402%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C2000%7C%7C%7C&sdata=uHIUuYV20u%2FIpbbew558Lx3yZDJd192aLKvqwwPAdYs%3D&reserved=0)

**Bestu kveðjur / Best regards**
Sóley B. Baldursdóttir
Verkefnastjóri skipulagsmála
? +354 433-7100
skipulag@borgarbyggd.is (mailto:skipulag@borgarbyggd.is) / www.borgarbyggd.is (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.borgarbyggd.is%2F&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C174590ac0c1446b8a9d108dacef82476%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638049862798602402%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C2000%7C%7C%7C&sdata=8o2YyIK3kX6Mj5jj6UQ5aCQPL43fgEK9mWq%2BIsi1ZsQ%3D&reserved=0)
www.facebook.com/borgarbyggd (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.facebook.com%2Fborgarbyggd&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C174590ac0c1446b8a9d108dacef82476%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638049862798602402%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C2000%7C%7C%7C&sdata=OvDOY4r4e0KQpgdA5WvFvfsP6hcBWL6JQ0e%2FoT4PZaM%3D&reserved=0)
www.borgarbyggd.is/is/fyrirvari (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.borgarbyggd.is%2Fis%2Ffyrirvari&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C174590ac0c1446b8a9d108dacef82476%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638049862798602402%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C2000%7C%7C%7C&sdata=LCEThQnSnKkWWco9AVmYns6bmyUbtzz0n%2BBiShJTfsI%3D&reserved=0)